

Brjef landshöfðingja (til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík).

1875

29
20sta
apríl

Ráðgjafi konungs fyrir Ísland, hefur 2. dag f. mán. ritað mjer á þessa leið:

«Með þóknanlegu brjefi frá 27. nóvember f. á., hefur herra landshöfðinginn sent hingað erindi, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík, jafnframt því að athuga, að þjer, þá er þjer samþykktuð reglugjörð um brunamálefni Reykjavíkur kaupstaðar, er bæjarstjórnin hafði samið samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874 9. gr., um ábyrgð fyrir eldsvoða m. m. í greindum kaupstað, hafið gjört breytingar nokkrar á reglugjörðinni, er að ætlun bæjarstjórnarinnar þurftu samþykkis hennar við — hefur fyrir hönd bæjarstjórnarinnar skotið því til úrlausnar ráðgjafans, hvort landshöfðingjanum yfir Íslandi með 9. grein tilskipunarinnar, er getið var, sje veitt vald til að gjöra án samþykkis bæjarstjórnarinnar breytingar á reglugjörð þeirri, er bæjarstjórnin hefur samið um brunamálefni.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir bæjarstjórninni tjáð, að með því að það sjálfsagt stendur í valdi herra landshöfðingjans að synja samþykkis yðar til greindrar reglugjörðar, eða rjettara: að binda það því skilyrði, að í hana verði bætt, úr henni sleppt eða breytt einhverjum ákvörðunum, getið þjer að þessu leyti einnig án samþykkis bæjarstjórnarinnar gjört breytingar á sjerhverri reglugjörð, sem hún hefur samið og sent yður til þess, að þjer samþykkið hana. En skyldi bæjarstjórninni ekki þykja slíkar breytingar aðgengilegar, og ágreiningurinn ekki geta jafnast með því að bera sig betur saman við herra landshöfðingjann, getur bæjarstjórninni ekki verið meinad að leita úrlausnar ráðgjafans um hin einstöku atriði».

Þetta leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá bæjarstjórninni til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdöminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 4. desember f. á., skrifað mjer á þessa leið:

«Jafnframt því að senda beiðni, ásamt meðfylgjandi útskript úr þingbók Þingeyjar-sýslu, frá verzlunarstjóra Th. Guðjohnsen á Húsavík um að mega fá endurborgað brennivinsgjald af 132¼ pottum af vínanda, sem fundust vanta á 3 keröld, er honum voru send með skipinu «Hjálmar» í maímánuði f. á., hefur herra landshöfðinginn, næst því að láta í ljósi, að með prófi því, sem hlutadeigandi sýslumaður hefur tekið um þetta, virðist eptir kringumstæðunum vera fengin nægjanleg sönnun fyrir því, að það, sem vantaði, hafi verið lekið burt, þegar skipið kom á Húsavík, og að beiðandanum eptir ætlun yðar, að engu leyti verði um það kennt, að hið opinbera ekki þegar, er skipið kom, ljet hafa það eptirlit með affermingunni, sem hefði getað gefið vissu í þessu tilliti — í þóknanlegu brjefi 22. sept. f. á. lagt það til, að hin umsókta endurborgun verði leyfð með 11 rd.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar þjónustusamlega tjáð, að þó ekki verði kannast við, að í þessu máli sje fengin fullnægjandi sönnun fyrir því, að lekinn hafi átt sjer stað, áður en skipið var affermt, nje heldur játað, að beiðandanum sje ekki um það að kenna, að þvilik sönnun eigi er fengin, með því hann, þar sem sýslumaðurinn við heimanferð sína hafði vanrækt að löggilda annan mann til að líta eptir affermingunni í sinn stað, ekki hefur farið eptir leiðbeiningu þeirri, sem gefin er í brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 4. ágúst f. á., um áþekk atvik og þetta — hefur samt eptir málavöxtum virzt, að umsótt endurborgun geti átt sjer stað, samkvæmt tillögum herra landshöfðingjans».

Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).

Af útdráttum þeim úr vinfanggjaldabókum og af reikningsendurritum þeim, sem hingað hafa

30
20sta
apríl31
24ða
apríl

1875

31
20ta
apríl

verið send; samkvæmt 2. og 11. gr. reikningsreglugjörðarinnar frá 13. febr. 1873 sjest, að lögreglustjórar rita hinar nefndu bækur með ýmsu móti, þar sem sumir einungis tilgreina hina sameinuðu upphæð gjalds þess, sem þeir hafa reiknað út fyrir hvert skip samkvæmt tollsedlum eður öðrum skilríkjum, en aptur aðrir rita í gjaldabækur sínar hverja einstaka vínfangagrein, sem getið er um í tollsedlunum. Með því að það skiptir miklu, að hinar nefndu gjaldabækur sjeu ritaðar svo, að þær gefi ljóst yfirlit yfir hin ýmsu at-
riði, sem koma til greina, þegar dæma skal um, hvort reikningshaldarinn hefur gætt skyldna sinna samkvæmt reikningsreglugjörðinni og því, er fyrirskipað er um innheimtur á nefndu gjaldi, skal jeg biðja yður, herra amtmaður, að leggja fyrir lögreglustjórana í umdæmi yðar að rita framvegis bækur sínar yfir gjald af vínföngum samkvæmt hjálagðri fyrirmynd, og býst jeg við, að þeir þá einnig lagi reikninga sína eptir henni.

FYRIRMYND

fyrir gjaldabók, er rita á í gjald það, sem lögreglustjóranum í N. N. sýslu ber að heimta saman af vínföngum, er flytjast inn í lögsagnarumdæmi hans.

Dagur er vínföngin eru flutt í land	Nafn skipsins	Nafn skipstjóra	Vínföng		Gjaldaupphæðir krón. aur.	Dagur er gjaldið er afgreitt frá reikningshaldara	Hvernig gjaldið er afgreitt (til jarðabókar-sjóðs eða aðalríkissjóðs)	Borgunar upphæðir krón. aur.
			pottar tals	flöskur á $\frac{3}{4}$ potts tals				

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 14. dag aprílmánaðar staðfesti landshöfðinginn veitingarbrjef stipsyfyrvaldana dagsett 11. janúar þ. á. handa síra Guðmundi Bjarnasyni fyrir Borgar- og Álptanesprestakalli í Mýra-prófastsdæmi.

S. d. staðfesti landshöfðinginn veitingarbrjef stiptysfyrvaldanna dagsett 18. október f. á. handa kandi-
dat Jóni Jónssyni fyrir Bjarnanesprestakalli í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi,

17. s. m. veitti landshöfðinginn presti Svalbarðsaffnaðar síra Jóni Jónssyni Reykjalin Þönglabakka-
prestakall með annexiunni Flatay í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

24. s. m. veitti landshöfðinginn presti Lundar- og Fitjasafnaða síra Bjarna Sigvaldasyni Setbergs-
prestakall í Snæfellsnessprófastsdæmi.

26. s. m. setti landshöfðinginn prestinn síra Sveinbjörn Guðmundsson að Holti til þess fyrst um
sinn frá næstkomandi fardögum að þjóna ásamt embætti sínu Stóradalsþingaprestakalli í Rangárvalla-
prófastsdæmi.

28. s. m. veitti landshöfðinginn kandidat Brynjólfi Jónssyni Meðallandsþinga prestakall í Vestur-
skaptafellsprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Brynjólfur Jónsson settur til að þjóna ásamt Meðallandsþingum fyrst um sinn
um 3 ár eður til fardaga 1878 Ásaprestakalli í Vesturskaptafells-prófastsdæmi.

Óveitt embætti:

Lundur í Borgarfjarðarprófastsdæmi, metið 516,00 krónur, auglýst 28. apríl.

Svalbarð í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, metið 962,47 krónur, auglýst 28. apríl.